

Segja sögur

Áhersla er lögð á að nýta hvert tækifæri til málörvunar á Pálmholti. Börnin fá tækifæri til að tjá skoðanir sínar, koma fram, segja frá, segja sögur eða syngja. Nemendur fá tækifæri til að hlusta á fjölbreyttan texta, sögur, söng, samræður og upplýsingar. Nemendur eru hvattir til að tjá sig um textan sem þeir hafa hlustað á. Texta er miðlað á fjölbreyttan hátt s.s með söng, leikrænni tjáningu, sögum og lestri. Kennarar reyna að draga athygli barnanna að innihaldi textans. Með sögulestri er t.a.m unnið með hljóðkerfisvitund, orðaforða og stafabekkingu barnanna og þau eldri hvött til að hlusta eftir hljóðum í orðum.